Lokaskýrsla

Flugslysaæfing

Ísafjarðarflugvöllur

7.október 2017

Flugslysaæfing verður haldin á Ísafjarðarflugvelli

7.október 2017.

Allar viðbragðseiningar á útkallslista vegna flugslysa eru boðaðar á æfinguna:

Almanavarnarnefnd Ísafjarðar. Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Áhöfn björgunarskipsins Gunnars Friðrikssonar. Áhöfn SST 1+2. Björgunarfélag Ísafjaðrar. Björgunarsveitin Björg. Björgunarsveitin Dýri. Björgunarsveitin Ernir. Björgunarsveitin Kofri. Björgunarsveitin Sæbjörg. Björgunarsveitin Tindar. Flugstjórnarmiðstöðin í Rey. Flugturninn Ísafjarðarflugvelli. Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar. Landsspítali. Landhelgisgæslan. Lóðsinn á Ísafirði. Lögreglan á Vestfjörðum. Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Rauði krossinn á Vestfjörðum. Sjúkrabifreið Bolungarvíkur. Slökkvilið Bolungarvíkur. Slökkvilið Ísafjarðar. Slökkviliðið Flateyri. Slökkviliðið Suðureyri. Slökkviliðið Þingeyri. Slökkvilið Súðavíkur. Starfsmenn Isavia á Ísafjarðarflugvelli. Svæðisstjórn björgunarsveita-svæði 7

Efnisyfirlit

Bls:

Efnisyfirlit.....1

Markmið æfingar-handrit æfingar.....2

Lokaskýrsla.....3

Inngangsorð.....4

Þátttaka.....5

Dagskrá æfingarinnar.....6

Æfingarsvæðið.....7

Mönnun verkþátta.....8

Almennt um æfinguna.....9-11

Aðgerðastjóri.....12

Aðstoðarmaður aðgerðastjóra.....13

Fulltrúi Rauða Kross í AGS.....14

Vettvangsstjóri..... 15

Björgunarstjóri.....16

Aðhlynningarstjóri.....17

Gæslustjóri.....18

Rauði krossinn.....19

Tindar-björgunarsveit.....20

Flugturn-starfsmaður Isavia.....21

Starfsmenn flugfélags.....22

Starfsmenn Isavia á flugvelli.....23

Rauði krossinn í Aðgerðastjórn.....24

Ráðgjafi á slysstað (SLY) A.....25

Ráðgjafi á slysstað (SLY) B.....26

Ráðgjafi á slysstað (SLY) C.....27

Ráðgjafi Vettvangsstjórnar VST).....28

Rýni ráðgjafa á slysstað (SLY).....29

Rýni ráðgjafa á Aðgerðarstjórn (AST).....30

Rýni ráðgjafa á söfnunarsvæði slasaðra A.....31

Rýni Rauðakross á söfnunarsvæði slasaðra B.....32

Rýni ráðgjafa á söfnunarsvæði aðstandenda.....33

Rýnifundur í lok æfingar.....34-36

Matsblað leikara.....37

Samantekt ábendinga.....38

Ljósmyndir:

Arnór--------Arnór Magnússon
BS----------Bjarni Sighvatsson
VG----------Valgarður Guðmundsson
GUSTI-------gusti.is
ÓK----------Óskar Karlsson
IJ----------Ingvar Jakobsson
VA----------Vigdís Agnarsdóttir

Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf.
Umsjónarmaður með útgáfu þessarar skýrslu er
Bjarni Sighvatsson bjarni.sighvatsson@isavia.is

Markmið:

Meginmarkmið æfingarinnar var að stefna saman öllum þeim viðbragðsaðilum sem taldir eru upp í flugslysaáætlun fyrir Egilsstaðaflugvöll og fá þá til að vinna saman við björgun mannslífa úr flugslysi.

Flugslysaáætlun fyrir Ísafjarðarflugvöll var handritið sem lá til grundvallar um verkefni og skyldur hverrar viðbragðseiningar.

Það er ekki markmið í sjálfu sér að menn æfi það sem þeir kunna, heldur að fá menn úr ólíkum viðbragðseiningum til þess að vinna saman, hlið við hlið og mynda það eðlilega flæði sem til þarf til þess að ferillinn „sjúklingur á slysstað“ til „sjúklingur á sjúkrahús“ virki sem best með hagsmuni þolenda í huga.

Endanlegt markmið er að auka öryggi í flugi á Íslandi.

Handrit æfingarinnar:

Erlend leiguflugvél af gerðinni SAAB 340 kemur inn til lendingar á braut 26 í mjög byljóttum vindi. Rétt fyrir lendingu lendir hún í niðurstreymis („down draft“) vindi og skellur til jarðar örskammt frá brautarenda. Vélin hún brotnar í nokkra hluta og eldar koma upp í hluta af brakinu. Áætlað er að um borð séu í kring um 35-40 farþegar og áhöfn.

Lokaskýrsla.

Til hvers, fyrir hverja, tilgangur.
Þetta er svokölluð lokaskýrsla flugslysaæfingarinnar sem haldin 7.október á Ísafjarðarflugvelli. Slíkar skýrslur eru gerðar í lok hverrar æfingar og þær eru sendar forsvarsmönnum viðbragðseininga ásamt mynddiski þar sem við söfnum saman því myndefni er varðar æfinguna sem við komumst yfir. Einnig eru þessar skýrslur sendar rafrænt til viðbragðseininga og einnig á netið (isavia.is).

Til hvers.
Í lok hverrar æfingar er haldinn rýnifundur þar sem talsmaður hverrar viðbragðseiningar og fleiri skýra frá því sem var þeirra upplifun á æfingunni. Bæði það sem vel fór og miður í undirbúningi hennar svo og hvað vel fór og miður við framkvæmt æfingarinnar. Við biðjum síðan sömu aðila að taka saman þessa punkta og setja á ákveðið form sem síðan fer í lokaskýrslu. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar sem alls ekki mega fara forgörðum. Æfing ein og sér er góð og öllum er nauðsynlegt að æfa ætli þeir að ná færni í því sem þeir eru að gera. En í ljósi þess að flugslysaæfingar eru haldnar á fjögurra ára fresti er ljóst að nauðsynlegt er að æfingarnar leiði til þess að það sé notað sem vel hefur reynst og ekki síður að það sé lagað sem miður hefur tekist.

Fyrir hverja.
Fyrir alla þá sem tóku þátt í æfingunni. Og ekki síður þá sem ekki tóku þátt og þá sem hefja störf í einhverri viðbragðseiningu á milli æfinga. Allir munu njóta afrakstursins ef að skýrslan leiðir til að einstaklingar og einingar framkvæmi eitthvað og bæti sig til þess að ná betri árangri eða bæti skipulag sitt.

Tilgangur.
Tilgangurinn er að gera viðbragðseiningar hæfari til þess að bregðast við hópslysi. Með því að læra af nýliðinni æfingu. Með því að þú farir yfir lærdómspunkta þinnar einingar og bætir út því sem miður fór. Með því fara yfir lærdómspunkta hinna viðbragðsaðilana og sjá hvort um sameiginleg vandamál hefur verið að ræða sem bæta mætti úr. Með því að yfirfara flugslysaáætlunina, bæði í kafla 8 þar sem verkefnum þinnar viðbragðseiningar er lýst og skoða einnig aðra kafla þar sem farið er yfir verksvið, samvinnu og fjarskipti og koma hugmyndum um úrbætur áfram.Tilgangurinn með útgáfunni er sá að gera viðbragðsaðilum kleift að hafa yfirsýn yfir þau atriði sem bæta þarf til þess að geta þeirra til viðbragðs verði betri.

Bjarni Sighvatsson-æfingastjóri

Ljósm: Arnór

Inngangsorð.

Daganna 5-7.október var haldin flugslysaæfingin ísafjörður 2017.

Æfingin var liður í því skipulagi Isavia og Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.
Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á öllum áætlunarflugvöllum landsins.
Árið 2013 var síðast haldin stór flugslysaæfing á Ísafjarðarflugvelli.
Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna ,svokallaður ráðgjafahópur.
Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.
Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslu-námskeið. Fjöldi ráðgjafa ræðst að nokkru af umfangi / fjölda þeirra sem taka þátt í æfingunni.

Heildarskipulag hverrar æfingar byggist á viðbragðsáætlun, sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia gefur út fyrir hvern flugvöll og kallast flugslysaáætlun viðkomandi vallar.
Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir var er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.
Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Rétt er að benda á að þótt æfingin beinist einkum að hagsmunum flugfarþega þá nýtist æfingin ekki síður í hverri þeirri vá sem snert gæti viðkomandi bæjarfélag og tæki til fjölda manna, hvort sem um væri að ræða bruna, snjóflóð, rútuslys eða aðra vá.

Nú ganga æfingar sem þessar ekki út á það að kenna viðbragðsaðilum það sem þeir kunna fyrir, heldur er aðaláherslan lögð á að þessir hópar læri að vinna saman og myndi eðlilegt flæði sem byggist upp á stjórnun vettvangs og umhverfi hans, björgun á slysstað, aðhlynningu við slysstað, fyrstu greiningu, flutning á söfnunarsvæði slasaðra, ummönnun þar og að lokum flutningi á sjúkrahús, fjöldahjálparstöð eða annað eftir atvikum.
Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar. Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Það er því ljóst, að oft er nokkuð lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, nyti þeirra ekki við, yrði harla lítið úr flugslysaæfingum. Ber að öðrum ólöstuðum að þakka þeim sérstaklega vel fyrir sem leggja á sig að leika þolendur.

Engin æfing verður betri en áhugi þátttakenda segir til um. Þessi æfing heppnaðist í flestu vel og það er ykkur að þakka.
Isavia og þeir ráðgjafar sem komu að æfingunni vilja þakka þátttakendum fyrir ánægjuleg viðkynni og þann áhuga sem æfingunni og undirbúningi hennar var sýndur.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa einfalda og auðlesna.
Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt
og dragi af því lærdóm..
Að draga fram hvað betur hefði mátt fara á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr…

Flugslysaæfingin á Ísafirði 5-7.október 2017.

Hverjir tóku þátt og fjöldi:

Slökkvilið Ísafjarðar	25
Slökkvilið -Þingeyri-Flateyri-Suðureyri	
Slökkvilið Bolungarvíkur (mætir ekki)	
Björgunarfélag Ísafjarðar	12
Björgunarsveitin Björg	4
Björgunarsveitin Dýri	
Björgunarsveitin Ernir	1
Björgunarsveitin Tindar	7
Björgunarsveitin Sæbjörg	
Björgunarsveitin Kofri-Súðavík	
Aðgerðarstjórn	8
Vettvangsstjórn	4
Ísafjarðardeild - Rauða krossins	
Rauði krossinn-svæðisfulltrúi	
Rauði krossinn-Bolungarvíkurdeild	
Rauði krossinn-Súðavíkurdeild	
Rauði krossinn-Súgandafjarðardeild	15-20
Rauði krossinn-Önundarfjarðardeild	
Rauði krossinn-Dýrafjarðardeild	
Rauði krossinn-"aðstandendur/þolendur" leikarar	5-7
Sjúkrahús Ísafjarðar-HVEST	17
Sjúkrabílar	
Kirkjan	
Lögreglumenn frá Ísafirði (utan VST og AST)	4
Flugfélag Íslands-starfsmenn	2
Leikarar	37
Ráðgjafar - aðstoðarfólk	21
Isavia-starfsmenn á Ísafjarðarflugvelli	5
Aðrir ?	
Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð	4
Samtals : um **170**	
Gestir-fjölmiðlar	3

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
ALMANNAVARNADEILD

Dagskrá flugslysaæfingar
Ísafjörður 2017

isavia

Fimmtudagur 5.okt

Kl.10:00 Boðunarprófun,
Allir viðbragðsaðilar fá SMS boð um flugslys.
Þeir sem ekki fá boð hafi samband
við fulltrúa Neyðarlínunnar eða hjá
landssamtökum viðkomandi viðbragðseiningar.

Kl.16:00- 18:00 (ca) Upprifjun/Fræðsla.
Fyrir: Aðgerðarstjórn, vettvangsstjórn, verkþáttastjóra, aðstoðarmenn og þeirra og aðra þá sem áhuga hafa á að læra um störf ofangreindra.
Staður: Guðmundarbúð
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Kl. 19:30-21:15 ca.

Setning æfingarinnar

Salur: Björgunarfélags Ísafjarðar **Opið öllum**

Dagskrá:

- **Setning. Dagskráin og gangur æfingarinnar-*Isavia***
- **Tetra. Kynning á notkun og verkleg notkun (takið með Tetra handstöðvar).*Landsbjörg***
- **Rannsóknarþátturinn-Rannsóknarnefnd samgönguslysa**
- **Umræður og fyrirspurnir.**

Föstudagur 6.okt

Kl.15:00 Skrifborðsæfing
Hús Björgunarfélags Ísafjarðar.
Aðgerðarstjórn, Vettvangsstjórn, Verkþáttastjórar skrifborðsæfing.
(Aðstoðarmenn stjórnenda ásamt ráðgjöfum mæta einnig).

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Kl. 20:00 Leikarafundur húsi Grunnskólans
Kynning og fræðsla fyrir þá sem leika þolendur á æfingunni.

Kl. 19:30-21:30 ca.
Stöðufundur.

Í sal Björgunarfélags Ísafjarðar. ***Opið öllum***

Dagskrá:
- **Ráðgjafar-leikarar-öryggi-handrit. *Isavia***
- **Aðgerðarstjóri / Vettvangsstjóri / Verkþáttastjórar**
- **Þyrlur. Umgengni og aðkoma. *Isavia***
- **Verkefni Rauðakrossins í flugslysum- *Jón Brynjar Birgisson***
- **Áverkamat,bráðaflokkun ofl. erindi. *Landspítalinn.***
- **Umræður og fyrirspurnir.**

Laugardagur 7.okt

Kl. 08:00 Förðun leikara.
Staður: Grunnskólinn

Kl. 11:00-13:30 (uþb)
Flugslysaæfingin

Kl.14:30 Eða í beinu framhaldi af lokum æfingar verður úrvinnslufundur æfingarinnar í *Guðmundarbúð*

Opinn öllum þátttakendum

Boðið verður uppá súpu og kaffi fyrir alla þá sem tóku þátt í æfingunni.

Dagskrá úrvinnslufundar
1. Almennt um æfinguna- Æfingarstjóri
2. Starf aðgerðarstjórnar-Aðgerðastjóri
3. Starf vettvangsstjórnar-Vettvangsstjóri
4. Leit og björgun- Björgunarstjóri
5. Söfnunarsvæði slasaðra-Aðhlynningarstjóri
6. Lokanir/gæsla/talning-Gæslustjóri
7. Móttaka og flutningur-Flutningastjóri
8. Fjöldahjálp/SSS-Rauði krossinn
9. Störf flugvallarfólks-Isavia
10. Almennar umræður-Orðið laust
12. Æfingunni slitið

Vettvangurinn og
staðsetning verkefna

Mönnun verkþátta

Mönnun verkþátta á flugslysaæfingunni - Isafjörður 2017

Verkþáttur	Kemur frá	Nafn	Netfang	Sími	Ráðgjafi	Netfang	Sími
Aðgerðarstjóri	Lögreglustjóri	Bryndís Ósk Jónsdóttir staðgengill lögreglustjóra	boj01@logreglan.is	892-1694	Rögnvaldur Ólafsson	rognvaldur@logreglan.is	860-4544
Aðgerðastjórn	Aðstoðar aðgerðarstjóri Björgunarsveitir Björgunarsveitir HVEST RKI Slökkvilið Ísafjarðar	Hlynur Hafberg Snorrason. Jón Arnar Gestsson Halldór Óli Hjálmarsson xxxxxxxxxxxxxxx Hilmar Pálsson	hlynur.snorrason@logreglan.is xxxxxx xxxxxx xxxxxx hafraholt@simnet.is	856-2979 899-7171 864-6181 xxx 867-2973			
Vettvangsstjóri, Aðstoðarmaður vettvstj.	Lögregla	Hlynur Steinn Þorvaldsson. Þórir Guðmundsson	hlynur.steinn@logreglan.is thorirg@logreglan.is	899 3621 847 0288	Friðgerður Brynja Jónsdóttir	fridgerdur@logreglan.is	864-7663
Vettvangsstjórn	Björgunarsveit Slökkvilið	Eggert Stefánsson		893-3895			
Björgunarstjóri	Slökkvilið ísafjarðar	Hermann Hermannsson	Hemmihemm@isafjordur.is	862-6044	Aðalbjörn Tryggvason	adalbjorn.tryggvason@isavia.is	865-7229
Aðstoðarmaður/ menn björgunarstjóra	Slökkvilið ísafjarðar	Sveinn H. Þorbjörnsson	vakt@isafjordur.is	896-2829	Grétar Karlsson Valgarður Guðmundsson Davíð Friðriksson Óskar Karlsson	gretar.karlsson@isavia.is valgardur.gudmundsson@isavia.is david.fridriksson@isavia.is oskar.karlsson@isavia.is	892-4882 894-3598 864-0182 858-6024
Flutningastóri	Björgunarsveit	Auður Yngvadóttir		893-5478	Guðbrandur Örn Arnarsson	brandur@landsbjorg.is	695-4555
Aðhlynningarstjóri	HVEST	Helena Hrund Jónsdóttir	helenahrundj@gmail.com		Guðrún Lísbet Níelsdóttir	gudrunln@landspitali.is	825-3524
Aðstoðarmaður aðhlynningarstjóra	HVEST	Linda Rut Sigríðardóttir					
Stjórnandi greiningarsveitar	HVEST	Jón Torfi Gylfason					
Gæslustjóri	Lögreglan	Guðmundur Heiðar Svanbergsson	GHS01@logreglan.is	867-9758			
Aðstoðargæslustjóri	Lögreglan	Ingvar Jakobsson	ingvar@logreglan.is	862-1847			
Rauða kross deildir	Rauði krossinn Ísafirði	Bryndís Friðgeirsdóttir	bryndis@redcross.is	864-6754			
Tengiliður heimamanna við æfingastjórn	Lögreglan	Hlynur Hafberg Snorrason	hlynur.snorrason@logreglan.is				
Ráðgjafi-leikaraumsjón	Isavia-umsjón sjúklinga				Vigdís Agnarsdóttir	vigdisa@gardaskoli.is	894-9483
Ráðgjafi RKÍ	RKÍ				Addý Steinarrsdóttir Jón Brynjar Birgisson Hrefna R. Magnúsdóttir	addy@redcross.is jon@redcross.is	821-2488 896-7288
Þyrla-tengiliður við vettvangsstjórn	Landhelgisgæslan-stýrimaður	Guðmundur Ragnar Magnússon	ragnarm@lhg.is	840-2124	Hreggviður Símonarsson-verkefnisstjóri þyrludeild	hreggvidur@lhg.is	840-2156
Tetra-fjarskipti	Neyðarlínan- 112				Guðbrandur Örn Arnarsson	brandur@landsbjorg.is	695-4555
Gestir + fjölmiðlar	Isavia						
Landspítalinn	Viðbragðssveit	Gunnar Pétursson Hrönn Hakansson Rosie Jones Guðrún María Svavarsdóttir	gunnar.petursson@landspitali.is hronhak@landspitali.is rosemarj@landspitali.is gudrunsvav@landspitali.is	823-5510 863-2994 626-2272 846-4773	Anna Guðný Einarsdóttir	annagudb@landspitali.is	
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	RNSL				Ragnar Guðmundsson	ragnar@rnsa.is	660-0330
Æfingastjóri	Isavia				Bjarni Sighvatsson	bjarni.sighvatsson@isavia.is	891-8012

Flugslysaæfingin Ísafjörður 2017.

Gangur æfingarinnar.

Almennt.

Að venju framkvæmdi Neyðarlínan boðunarprófun á fimmtudagsmorgunn. Þetta er gert til þess að sannreyna að allir séu í virkum boðunarhópi og að tími sé til þess að leiðrétta ef svo er ekki

Æfingin í heild var með hefðbundnum hætti. Ráðgjafar mættu á fimmtudegi. Seinnipart dags var fræðsla fyrir aðgerðarstjóra, vettvangsstjóra og verkþáttarstjóra og aðstoðarmenn þeirra og setning æfingarinnar var í Guðmundarbúð Björgunarfélags Ísafjarðar á fimmtudagskvöld og í kjölfar hennar var ýmis fræðsla líkt og á flestum æfingum.

Á föstudeginum síðdegis var haldin skrifborðsæfing þar sem aðgerðarstjórn, vettvangsstjórn og verkþáttastjórar æfðu sig í stjórnun. Þetta er skrifborðsæfing í bókstaflegri merkingu og hefur þann tilgang að æfa fjarskipti og samskipti hinna ýmsu stjórnenda í tilbúnu „slysi“. Búinn er til flugvöllur á borðum og þar er flugbraut merkt og söfnunarsvæði. Síðan er búið til slys að borðinu og í kjölfarið mæta viðbragðsaðilar með „matchbox“ björgunarbíla og hefja leikþáttinn. Þarna færa menn bíla fram og til baka og leika slökkviþátt og flutning þolenda af slysstað á SSS. Einnig eru æfð fjarskipti milli stjórnenda, verkþáttastjóra og vettvangs- og aðgerðastjórnar. Venjulega eru keyrð tvö rennsli. Þessar æfingar hafa heilmikið gildi daginn fyrir alvöruæfinguna og taka dálítið „hrollinn“ úr stjórnendum fyrir alvöruna sem bíður daginn eftir.

Á föstudagskvöldið var svo haldinn stöðufundur þar sem stjórnendur fóru yfir sína málaflokka, farið var yfir praktísk atriði varðandi æfinguna og frekari fræðsla var í kjölfarið.

Stefnt hafði veriðað því að æfingin hefðist klukkan ellefu en það dróst lítillega. Áður fyrr var byrjað um hádegi og rýnifundur haldinn á sunnudag. Nú var ákveðið að klára hvorutveggja á einum degi. Margir þeir sem komu að æfingunni mættu á fimmtu- og föstudags fundina og margir þátttakenda eru sjálfboðaliðar. Við lítum því þannig á að okkur beri skylda til þess að nýta tímann vel og sjálfboðaliðar vilja að sjálfsögðu hafa sitt frí. Ekki er vafi á að þetta fyrirkomulag er mun heppilegra.

Klukkan rúmlega hálf tvö á laugardeginum var æfingunni lokið og henni slitið af fulltrúa lögreglustjóra, Bryndísi Ósk Jónsdóttur.

Handritið

Þegar verið er að skipuleggja flugslysaæfingu verður að taka tillit til nokkurra þátta eins og umhverfi, fjölda björgunarmanna, aðkoma annarra bjarga, aðkoma þyrlu og á hvaða erfiðleikastigi eigi að keyra æfinguna. Að jafnaði eru hafðir jafn margir „slasaðir“ og fjöldi þeirra farþega + áhöfn farþegavéla sem að jafnaði nota viðkomandi völl. Í þessu tilfelli hefði sú tala verið um 40 farþegar. Annars var handritið þannig:

Erlend leiguflugvél af gerðinni SAAB 340 kemur inn til lendingar á braut 26 í mjög byljóttum vindi. Rétt fyrir lendingu lendir hún í niðurstreymisvindi (down draft) og skellur til jarðar örskammt frá brautarenda. Vélin brotnar í nokkra hluta og eldar koma upp í hluta af brakinu.
Áætlað er að um borð séu í kring um 40 farþegar og áhöfn.

Almennt um framgang æfingarinnar

Vettvangurinn.

Tilgangur með uppsetningu slysavettvangs er sá að reyna að skapa aðstæður sem að einhverju leiti endurspegla raunveruleikann þannig að viðbragðsaðilar sem á vettvang koma mæti eins „raunverulegum“ aðstæðum og hægt er. Þetta er auðvitað ekki hægt nema að litlu leiti en þó gert eins og hægt er. Nú er búið að halda nokkrar flugslysaæfingar á Ísafjarðarflugvelli. Það er búið að prófa ýmsar uppsetningar verkefna á vettvangi. Búið er að halda flugslysaæfingar við alla enda vallarins og einnig nærri miðju hans og einu sinni utan vallarsvæðis. Að þessu sinni var ákveðið að hafa æfingarstaðinn á og útaf brautarenda brautar 26. Þar var búinn til hæfilega erfiður slysavettvangur sem teygði sig út í sjó en þar var komið fyrir bát við stjóra með nokkrum sjúklingum. Einnig voru til staðar hefðbundin klippu og eldverkefni.

Verður.

Veður hefur áhrif á æfingar. Gott veður kætir alla og gerir góða æfingu betri og ekki hvað síst er það gott fyrir þá sem leika sjúklinga því eðlilega er kalsamt að liggja á blautri jörð og ef til vill í roki og bíða eftir hjálp. Veðurspá gekk eftir og hiti var um tíu gráður, hægur sunnan með örlitlum úða á köflum. Sem sagt ágætis æfinga veður. Leikararnir voru nokkuð ungir að árum og var lögð sérstök áhersla á að koma þeim þannig fyrir að kæling yrði sem minnst og einnig voru þeir vafðir í bóluplast og teppi. Þetta slapp allt vel til.

Útkallið.

Æfingin hófst nokkru fyrir klukkan ellefu tuttugu eða nokkuð seinna en áætlað var en lengri tíma tók að koma sjúklingum fyrir en ætlað hafði verið. Útkallið var eftir hefðbundinni aðferðafræði það er að flugturninn kallar á flugvallarslökkvibíl og upplýsir um atburð en kallar síðan í Neyðarlínuna með Tetra talstöð og upplýsir um atburðinn. Neyðarlínan sendir síðan SMS boð í fjölda GSM síma og flugslysaæfing er hafin. Þegar slökkvibíll vallarins var farin á staðinn fór turnmaður í slökkvigalla og á vettvang til aðstoðar. Skömmu síðar fóru fyrstu viðbragðseiningar að mæta en þær voru í bækistöðvum sínum þegar æfingin hófst.

Æfingin.

Segja má að æfingin hafi síðan gengið fyrir sig á hefðbundinn hátt. Margir þeirra sem komu að æfingunni voru í sinni annarri eða þriðju æfingu. Fyrir bragðið gekk þetta verkefni vel fyrir sig og engir áberandi hnökrar voru á framkvæmd. Rétt rúmlega tveimur klukkustundum eftir að æfingin hófst var búið að bjarga öllum og koma þeim á SSS (söfnunarsvæði slasaðra) . Þegar allir þolendur höfðu fengið skoðun og áframhaldandi meðferð var öllum þolendum flogið í þyrlu og lenti hún með þá á tjaldsvæði skammt frá Tjöruhúsinu. Var þar líkt eftir að öllum hefði verið flogið á sjúkrahús.

Rýni.

Staks eftir æfinguna var öllum boðið í kjötsúpu í Guðmundarbúð. Þar fluttu allir stjórnendur stutta tölu um upplifun sýna af æfingunni. Þarna var dreift blöðum með netaðgangi að rafrænni rýni. Getur því hver og einn sest við tölvu heima hjá sér eftir æfinguna og svarað spurningum og eða tjáð sig um það hvernig viðkomandi þótti æfingin til takast, bæði það sem vel fór og það sem miður fór. Bindum við vonir til þess að með þessu fáum við mun meiri upplýsingar til að vinna út um hverja æfingu. Æfingar einar og sér eru gagnlegar en nauðsynlegt er að draga lærdóm af hverri æfingu því bæði má læra af því sem vel fer jafnt og því sem miður fer.

Rauði krossinn í Ísafirði og nágrenni.
Sá um rekstur söfnunarsvæðis aðstandenda og rak þann þátt æfingarinnar sjálfstætt. Einnig lögðu þeir til ómetanlega hjálp á SSS. Rauði krossinn hefur nýlega eignast neyðarkerru með ýmsum búnaði svo sem samanbrjótanlegum beddum. Settu þeir nokkra bedda upp í flugstöðinni og er ekki nokkur vari að með því batnar bæði aðstaða sjúklinga og ekki síður þeirra sem veita þeim aðstoð.

Landhelgisgæslan.
Landhelgisgæslan sendi þyrlu á æfinguna en það hefur verið stefna þeirra að senda þyrlu á allar flugslysaæfingar undanfarin ár. Er það vel því þyrlur mæta orðið í öll meiriháttar slys á landinu og þar sem erfitt er að komast að slösuðum. Það er líka mjög nauðsynlegt að björgunarfólk og aðrir sem þurfa að flytja sjúka að þyrlu eða koma að þeim á annan hátt læri til verka við raunverulegar aðstæður. Er þakkarvert hversu þægilegir áhafnarmenn á þyrlunum hafa verið í samvinnu og alltaf reiðubúnir til þess að reyna að uppfylla óskir stjórnenda æfinganna og heimamanna.

Fjarskipti.
Undirritaður var á talhópi ráðgjafa og heyrði því ekkert í samskiptum á öðrum talhópum. Hef því lítið af fjarskiptum að segja og vísa til álits annarra.

Flugslysaáætlunin.
Til er „Flugslysaáætlun fyrir Ísafjarðarflugvöll“. Allar slíkar áætlanir eru eins að uppbyggingu og með sömu köflum. En auðvitað er mismunur milli staða og auðvitað breytast hlutir. Áætlunin hafði verið yfirfarin og endurútgefin af Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra skömmu fyrir æfinguna og allar nýjar ábendingar verið settar inn þannig að hún virðist endurspegla raunaðstæður í Eyjum. Viðbragðsaðilar eru enn og aftur hvattir til þess að lesa áætlunina yfir og koma með athugasemdir ef þurfa þykir.

Endir æfingarinnar.
Á þessum dagi er áætlunarflug hjá Air Iceland Connect. Því hafði verið seinkað um tæpa klukkustund vegna æfingarinnar. Tímaramminn var því knappur. Ekki er hægt að byrja að farða sjúklinga fyrir klukkan átta að morgni og tók það eilítið lengri tíma en áætlað hafði verið. Fyrir bragðið hófst æfingin tuttugu mínútum seinna en áætlað hafði verið. Undir lokin var því komin allmikil tímapressa á æfinguna. Að sönnu tókst að klára æfinguna að mestu áður en vélin lenti en ekki mátti miklu muna. Lok æfingarinnar voru dálítið snubbótt vegna þessa. Það er þó ekki hægt að segja að þetta hafi haft áhrif á niðurstöðu æfingarinnar.

Niðurstaða.
Í heildina gekk æfingin mjög vel. Eins og fram hefur komið gekk lausnarþátturinn mjög vel. Niðurstaðan er því sú að hér hafi verið um góða æfingu að ræða þar sem allir þættir gengu eins vel og hægt er að krefjast og var í heild ykkur til sóma. Fyrir hönd ráðgjafa sem komu að æfingunni langar mig til þess að þakka öllum þeim sem komu að æfingunni eða aðstoðuðu okkur á einn eða annan hátt. Án samtakamáttar eru slíkar æfingar ekki haldnar.

Takk fyrir samvinnuna og bestu kveðjur,

Bjarni Sighvatsson-æfingastjóri.

Nafn **Bryndís Ósk Jónsdóttir**

Staða í æfingu **Aðgerðarstjóri**

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar

Fundahöld og fræðsla fyrir æfingu gekk vel, sérstaklega fyrir lögreglu.
Ráðgjafar uppfullir af góðum ráðum og upplýsingum.
Skrifborðsæfingar voru mjög góðar, bæði til að koma mönnum af stað og til að átta sig á hlutverkum sínum. Þar kom líka ýmislegt fram sem betur hefði mátt fara og lærði AST af því, og gerði betur á æfingunni sjálfri (og í seinni skrifborðsæfingunni).

Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar.

Hefði verið gott að fá fræðslu um SÁBF kerfið almennt fyrir AST þar sem einhverjir voru þar nýir (og höfðu þar af leiðandi ekki kynnt sér kerfið).
AST hefði þurft að koma saman stuttu fyrir æfingu þar sem ekki allir höfðu hist áður eða unnið saman. Þá hefði verið gott að fara yfir SÁBF kerfið fyrirfram, setja upp skrá um þær bjargir sem til væru í héraði (uppfæra grunninn) og almennt undirbúa betur aðgerð á borð við þá sem var æfð, s.s. með uppsetningu á töflum og rýminu.
AST þarf auðsjáanlega að yfirfara aðstöðuna sína og þann búnað sem hver og einn þarf að hafa (s.s. tölvur, headset, talstöðvar) og þann búnað og verkfæri sem þurfa að vera í aðstöðunni (s.s. fleiri töflur, tölvur og breytta uppröðun borða).

Hvað gekk vel á æfingunni.

Allir í AST voru meðvitaðir um sitt hlutverk og unnu vel og yfirvegað. Ekkert fát eða læti.
Stjórnun og útdeiling verkefna gekk vel, þar sem allir í AST voru tilbúnir að leysa þau verkefni sem komu upp.
Upplýsingar frá VST og verkþáttastjórum komust hratt og örugglega til skila til AST.
Rýnifundur AST með ráðgjafa strax eftir æfinguna var mjög gagnlegur og dró saman það sem gott var og það sem betur mátti fara.

Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni.

Loggari AST þarf að vera nær þeim sem eru með talstöðvarsamband við VST og verkþáttastjóra til að geta heyrt betur samskipti.
Gæta þarf að því að VST og AST loggi í sama verkefnið í aðgerðagrunninum.
Allir nema tveir í AST þurfa að vera með talstöð í eyra, svo það trufli ekki samskipti við VST og SST (hafa einungis tvær stöðvar án headsets).
Bæta þarf við töflur og skipuleggja þær fyrirfram svo hægt sé að setja fram upplýsingar á skýran hátt fyrir AST.
Hefði verið gott að rýnifundur í lok æfingar væri fyrir minni hóp þar sem stjórnendur komi saman og rýni vel hvað fór úrskeiðis og hvað gekk vel. Þannig má læra sem mest af æfingunni. Ákjósanlegt væri að hver verkþáttur héldi rýnifund með sýnu fólki strax eftir æfingu (t.d. á vettvangi eða vinnusvæði hvers hóps) eins og AST gerði, og hver verkþáttastjóri, VST og AST myndi svo hittast og taka stöðuna. Tel það gera mun meira gagn en rýnifundur yfir súpu með öllum sem tóku þátt.
Óheppilegt hve æfing byrjaði seint, sem varð til þess að áætlunarflug kom inn í lok æfingar. Kanna mætti með að byrja æfinguna fyrr, eða að tímasetningu áætlunarflugs yrði flýtt/seinkað meira.

Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10

9.

Nafn **Hlynur Hafberg Snorrason.**

Staða í æfingu **aðstoðarmaður aðgerðarstjóra.**

Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú? **Aðgerðastjórn , Lögregla.**

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar.
Undirbúningur, yfirferð æfingastjórnar, uppfyllti væntingar.

Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar.
Sé ekkert í fljótu bragði.

Hvað gekk vel á æfingunni.
Fjarskipti gengu vel fyrir sig, en það hefur oft verið vandamál. Öll samskipti, a.m.k. hvað ég varð var við, virkuðu vel og voru á faglegum nótum.

Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni.
Talning þolenda fór úrskeiðis og var það vegna þess að leikarar sem voru farnir út af SSS komu þangað inn aftur, þar sem þeim var orðið kalt að sitja í rútunni fyrir utan, sem var ekki í gangi. Þeim hleypt inn af æfingastjórn og það ruglaði talninguna. Þá hefði mátt hafa áhöfnina í einkennisbúning til að gera æfinguna raunverulega. Þetta er svo sem æfingatengt. Sé ekkert í fljótu bragði sem hefði mátt fara betur.

Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg.
9

Ljósm: GUSTI

Flugslysaæfingin Ísafjörður 7.okt.2017. - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðgerðarstjórn	HP Rauðakrossi.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla,Ísafjarðarbær,Björgunarsveit,Sjúkrahúsið Ísafirði, Rauðikrossinn,Slökkvilið Ísafjarðarbæjar.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Aðgerðarstjórn í slökkvistöð Ísafirði

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skipuleggja aðstöðu aðgerðarstjórnar betur og auka við tölvubúnað. Koma oftar saman og ræða hlutverkaskiptingu og sækja sér fróðleik um hlutverk og verkþætti aðgerðarstjórnar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Kannski mætti skipuleggja betur fjarskipti á vettvangi, hver talar við hvern og boðleiðir séu skýrar.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Tel nú að mest allt fór vel. Mér fannst fulltrúar Björgunarsveita/Landsbjargar standa sig vel í aðgerðarstjórn og vita sitt hlutverk.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Mætti samt bæta og vera ákveðnara hlutverk Rauðakrossins inni á vettvangi og að fjöldahjálparstöð fengi til sín óslasaða („græna „) ekki bara í þykjustunni
Svo að reyni betur á þjálfun í sálrænum stuðningi til dæmis.

Vettvangsstjóri

Nafn **Hlynur Steinn.**
Staða í æfingu **Vettvangsstóri.**

Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú?
Vettvangsstjórn, Lögregla.

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar ?
Það gekk vel að halda skrifborðsæfingar.
Fyrirlestrar ættu frekar að fara fram í samfelldri röð svo að það þurfi ekki taka jafn marga í undirbúning.

Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar ?
Æfingarstjórn þarf að hafa einhver rými þar sem leikendur eru geymdir eftir að þeir hafði verið (fluttir af SSS) ekki að senda þá aftur þar inn. Vegna talningar.

Hvað gekk vel á æfingunni ?
Flæði hennar og fjarskipti gengu vel heilt yfir.

Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni ?
Æfingarstjórn þarf að koma því mikið skýrar frá sér þegar að æfingunni sé lokið svo að hópar séu ekki enn að vinna við sín verk en aðrir búnir að pakka saman og farnir af vettvangi.

Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg ?
8.

Ljósm: VG

Björgunarstjóri

Nafn **Hermann Hermannsson.**
Staða í æfingu **Björgunarstjóri.**

Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú?
Slökkvilið.

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar ?
Undirbúningur er orðin rútíneraður og líklega er þetta 4 eða 5 æfingin sem ég tek þátt í. Fyrsta var 1999. Slökkviliðið er í góðri æfingu og þurfti lítinn undirbúning.

Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar ?
Hvað slökkvilið varðar get ég ekki séð eitthvað ákveðið.

Hvað gekk vel á æfingunni ?
Heildar pakkinn virtist rúlla smurt. Fjarskipti voru heilt á litið mjög góð sem er óvenjulegt miðað við fyrri æfingar. Fjarskipti JÁKVÆÐ.

Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni ?
Heilt yfir gengu hlutir vel, smáir hlutir eins og týndir þyrluflugmenn tók 59 mínútur að koma þyrlunni í loftið. Spurning hvort MÓT þurfi ekki að vera teygjanlegt nær slysstað ??? Eða þá aðstoðarmaður flutningsstjóra öllu heldur. Mér fannst vanta skipulag á flutningstækjum á slysstað. Það bárust aldrei vesti björgunarstjóra á slysstaðinn, þetta þarf að skoða í þá átt hvort vesti verkþáttastjóra eigi að vera í vörslu þeirra sem sinna þ.e slökkvilið, lögregla, björgunarsveitir. Þau vesti sem eru til í dag eru ævaforn og henta alls ekki nútímanum þ.e vasar fyrir talstöðvar og fleira. KAUPA NÝ.

Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg.
8.

Auka punktar frá Björgunarstjóra

Heilt yfir fannst mér æfingin ganga vel. Í raun var eins og um eitt lið væri að ræða því samtarf var mjög gott. Sem dæmi var björgunarsveitamaður tekinn sem bílstjóri á sjúkrabíl.

Uppsetning á vettvangi var góð og var hann passlega krefjandi, það mætti gagnrýna þessa tvo sem löbbuðu út fjöruna, en það verða alltaf frávik í leikriti sem þessu. Borðæfingar eru alltaf góðar og skila ótrúlega góðri reynslu.

Það eru alltaf einhverjir hlutir sem betur mega fara og hef ég nefnt þá í Survey-inu. Það var smá overload á fjarskiptum í upphafi og líklega er það eðlilegt, en það hefði mátt skipta einingum niður á sína svæði t.d blár 4,1 blár 4,2 o.s.f.v. Hvar var þyrlan, en heyrst hefur að flugmenn hafi týnst í bakaríinu á Ísafirði ? Betra skipulag á slysstað þ.e aðkoma björgunartækja. Þar mætti hafa aðstoðarmann flutningsstjóra sem kæmi á röð og reglu og gæti hugsanlega flokkað og talið inn í bíla. Merkingar almannavarna ! Hvar voru þær ? Reyndar var ágæt að þær bárust ekki því þau vesti sem eru til eru ævaforn og henta ekki nútímanum nema límband fylgi með þannig að hægt sé að líma utan á sig talstöðvar.Þetta eru helstu punktar frá mér og eins og áður sagði heilt yfir góð æfing. Við erum heppinn hér vestra því svæðið hefur að geyma marga reynslumikla einstaklinga.

Kveðja Hermann.

Aðhlynningarstjóri

Nafn **Helena Hrund Jónsdóttir.**
Staða í æfingu **Aðhlynningarstjóri.**

Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú? **Heilbrigðisþjónusta HVEST.**

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar ?
Ég fékk mjög góða kennslu á talstöðina, einnig fannst mér skrifborðsæfingin hjálpa mikið en þá sá maður heildarmyndina fyrir sér og skildi allt betur.
Við ákváðum að prófa að senda lækni og hjúkrunarfræðing út á vettvang – góð hugmynd, þau koma svo á SSS með fyrstu slösuðu.

Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar ?
Það sem vantaði aðallega var undirbúningur innan Hvest. Fáir starfsmenn mættu á fræðslufundi og voru því ekki vissir um sitt hlutverk á æfingunni.

Hvað gekk vel á æfingunni ?
Mér fannst almennt ganga mjög vel. Samskipti og yfirsýn alveg stórgóð.
Á græna svæðinu var sjúkraliði sem hafði yfirsýn og gekk það mjög vel. Hún kallaði eftir aðstoð ef þurfti.
Það var læknir sem var stjórnandi yfir rauða svæðinu og ákveðinn hjúkrunarfræðingur yfir þar. Það gekk vel.
Ég hafði aðstoðarmann sem er alveg nauðsynlegt en það var sjúkraliði með mér sem tók aðra talstöðina og var ritarinn minn.
Fjarskipti gengu mjög vel og mér fannst allt ganga smurt. Ég fékk allt sem ég bað um nema burðarmenn fyrst um sinn þar sem allir voru úti á vettvangi en þá brugðum við á það ráð að kalla út starfsmenn á hjúkrunarheimilunum.

Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni ?
Læknar festust í áverkamati og gera fulla líkamsskoðun þar.
Það sem ég hefði átt að gera var að festa ákveðinn hjúkrunarfræðing yfir gula svæðinu, það voru mín mistök.
Vantar vesti fyrir heilbrigðisstarfsfólk.
Mér fannst erfitt að halda yfirsýn yfir það hvert sjúklingarnir voru fluttir en það er kannski vegna þess að sjúklingarnir voru aðeins til á pappír.

Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg ?
10.

Nafn **Guðmundur Heiðar Svanbergsson.**
Staða í æfingu **Gæslustjóri.**

Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú?
Lögreglu.

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar ?
Tók ekki þátt í undirbúningi. En hafði 2 vikum fyrir æfinguna farið á SÁBF námskeið.

Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar ?
Tók ekki þátt í undirbúningi. En hafði 2 vikum fyrir æfinguna farið á SÁBF námskeið.

Hvað gekk vel á æfingunni ?
Æfingin gekk almennt vel. Talningarstaðir voru vel mannaðir 3 björgunarmenn og 2 lögreglumenn. Lokanir og samstarf við starfsmenn Isavia og Rauðakrossins var gott.
Vel gekk að flytja græna sjúklinga frá SSS og sá Rauðikrossinn um það og var samstarfið gott.

Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni ?
Skipulag vegna leikara sem búnir eru vantar. Hafa þarf aðstöðu og starfsmann sem passar að leikarar sem lokið hafa þátttöku séu ekki að fara aftur inn á Mót og inn á SSS.
Það var það sem gerðist og varð til þess að talningin ruglaðist.

Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg ?
8.

Ljósm: GUSTI

Rauði krossinn

Nafn **Hrefna R Magnúsdóttir.**
Staða í æfingu **Flugvöllur - SSS - ráðgjöf/eftirfylgd vegna sjálfboðaliða RKÍ.**

Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú?
Rauði krossinn.

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar ?
Undirbúningur almennt gekk vel og undirbúningur hjá Rauða kross deildinni á Ísafirði gekk líka vel. Haldið var m.a námskeið í neyðarvörnum fyrir fjöldahjálparstjóra fyrir æfinguna, farið yfir grunnatriði í sálrænum stuðningi með sjálfboðaliðum, verkferlar og búnaður yfirfarinn og fjöldahjálparstöð í Grunnskólanum á Ísafirði einnig tekin út og yfirfarin.

Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar ?
Það mætti skoða það hvort upplýsingar um æfingardaga yrðu opinberir fyrr, t.d fyrir sumarfrí ef æfingar eru haldnar að hausti. Það þarf að liggja betur fyrir hverjir hafi kost á því að sækja sér fræðslu og taka þátt í undirbúningi fyrir æfingarnar, t.d sótt sér fræðslu í
tengslum við flokkunarkerfið (bráðflokkun), Tetra og fleira. Ekki nógu skýrt hvort það sé einungis ætlað stjórnendum eða öðrum sem koma mest að undirbúningi æfinganna.

Hvað gekk vel á æfingunni ?
Sjálfboðaliðar Rauða krossins stóðu sig vel á æfingunni, hvort sem var á vettvangi SSS inn á flugvelli eða í aðstöðu Rauða kross deildarinnar að Suðurgötu en þar var stjórnstöð og æfð opnun SSA Neyðarvarnakerra í eigu rauða kross deildanna á norðanverðum Vestfjörðum var notuð í fyrsta skipti á flugslysaæfingu og kom að góðum notum og þá sérstaklega 30 beddar og teppi sem eru í kerrunni sem voru notuð á vettvangi í flugstöð (einnig orkustangirnar góðu sem afhentar voru á vettvangi).
Sjálfboðaliðar höfðu fengið kynningu og kennslu á búnaði í kerrunni og skipti það máli. Fjarskipti á milli stjórnstöðvar, SSS og fulltrúa RK í aðgerðarstjórn gengu vel og voru sjálfboðaliðar almennt mjög ánægðir með framlag sitt á æfingunni. Það kom einnig í
ljós að sjálfboðaliðar RK eru mikilvægir á vettvangi og ganga í ýmis verk sem þarf en fyrst og fremst að sinna hlutverki sínu varðandi sálrænan stuðning. Almennt held ég að viðbragðsaðilar hafi haft gott gagn af æfingunni.

Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni ?
Þar sem sjálfboðaliðar RK eru meira farnir að fara á vettvang er nauðsynlegt að þeir sem fara á vettvang mæti á einn stað, (MOT) skrái sig og tilkynni og einnig að það sé betur haldið utan um það hvaða þekkingu og hlutverk hver sjálfboðaliði hefur og gegnir í æfingunni. Merkja þarf betur þá sem taka þátt en t.d voru stjórar (aðhlynningar, björgunar og fleiri alveg eins merktir og læknar og þeir sem stýrðu á SSS í áverkamati). Skoða þarf vel hvernig merkingar- fatnaður og fleira er hjá hverjum viðbragðsaðila. RK þarf að merkja sína stjórnendur á vettvangi betur og einnig þarf að huga að merkingum á SSS t.d varðandi lokanir, hvar aðstandendur og þeir sem eru lítið slasaðir eru staðsettir og fleira. Það þarf að halda samráðsfundi með öllum viðbragðsaðilum reglulega, ekki bara fyrir æfingar m.a til að kynna nýjan búnað, verkferla og hlutverk hvers aðila fyrir sig. Einnig væri hægt að hafa sameiginleg námskeið fyrir viðbragðsaðila á svæðinu varðandi ýmislegt sem við kemur neyðarvörnum og almannavörnum með góðum fyrirvara fyrir æfingar.

Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg.
9.

Björgunarsveitin Tindar - Suðureyri

Nafn **Tindar Hnífsdal.**
Staða í æfingu **Björgunarmenn.**

Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú?
Björgunarsveit

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar ?
Vel upp settur vettvangur og fínn undirbúningur.

Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar ?
Ekkert sem ég veit um. En veit svo sem lítið um þennan undirbúning.

Hvað gekk vel á æfingunni ?
Góð samvinna milli fagaðila og ekkert stress eða læti.
Gaman.

Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni?
Þegar við mættum á svæðið var búið að raða upp hóp af grænum og nokkrum gulum sem enginn hafði yfirsýn yfir. Þeir ráfuðu aftur inná slysstaðinn og urðu til vandræða og voru ekki með teppi og mjög skelkuð. Það hefði verið hægt að setja t.d. einhvern úr okkar hóp til að róa þá og hafa yfirsýn yfir þessum hóp. svo þegar einn af okkur var kominn í þetta hlutverk að sjálfsdáðum var hann dreginn í annað verkefni af slökkviliðsmanni þrátt fyrir létt mótmæli. Þegar ég spurði Hemma (björgunarstjóra held ég- það var enginn sérstaklega einkenndur sem vettvangsstjóri í klæðum) vildi hann ekkert með þetta hafa og vísaði mér bara í burtu. Á endanum tók ég þetta að mér þar til allir voru farnir af því svæði og fór að bjarga öðrum úr braki og leita. Hefði átt að vera einhver sem tók á móti okkur og setti okkur í verkefni að mínu mati, annars reddaðist þetta allt á endanum. Annars teljum við að það hefði mátt flytja grænu mun fyrr út af svæðinu því bílarnir voru til fyrr að mínu mati.

Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg
9.

Ljósm: GUSTI

Flugslysaæfingin Ísafjörður 7.okt.2017 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flugradíó (Turn)	Arnþrúður Aspelund

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugturn

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Flugturn. Slökkvilið Ísafjarðarflugvelli

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fannst flugturn gleymast í útfærslu æfingarinnar. Turn tilkynnti slys fór síðan á vettvang til aðstoðar, þegar allar bjargir voru komnar fór turnmaður í turn til að sinna sjúkravélum og þyrlu sem áttu að koma en ekkert í sambandi við það kom í gegn um turn heldur heyrði turnmaður í tetra hjá aðgerðarstjórn sem stödd var í turni að vél og þyrla væru lent og farin með sérða þannig að á flugbraut valsaði fólk fram og til baka meðan sjúkravél og þyrla voru að lenda án þess að spá í að það þyrfti kannski að rýma völlinn. Sú æfing hefði komið sér vel fyrir turnmann og samskipti allra á svæðinu.
Kv. Arnþrúður.

Ljósm: ÓK

Flugslysaæfingin Ísafjörður 7.okt. 2017 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Air Iceland Connect – Farþegaafgreiðsla	Páll Janus Hilmarsson Þorlákur Ragnarsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Þjónustustjóri og úti maður (sem svo fór með slökkviliði til slökkvistarfa)

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Flugstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það tafði aðeins að hefja æfingu þar sem farþegalista vantaði og eins var uppsetning hans til útprentunar óklár, stingum uppá að samvinna sé höfð við flugrekanda varðandi uppsetningu lista og útgáfu. Best er að hann sé svo tilbúinn á PDF formi.

Full knappur tími var eftir að æfingu lauk þar til áætlunarflug kom, á meðan flugstöð var enn full af björgunar aðilum og fórnarlömbum voru farþegar að mæta í áætlunarflug og var lítið pláss fyrir þá á staðnum.

Notkun dekkja í bruna ætti að okkar mati að heyra sögunni til sökum mengunar og óþarfa óþrifnaðar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Of seint var byrjað að flytja leikara úr flugstöð með þyrlu.
Þyrlan hefði getað byrjað að selflytja leikar af svæðinu miklu fyrr ef áhöfnin hefði á staðnum, ekki að spásseri niðrí bæ.

Þegar áætlunarvélin lenti var enn verið að flytja burt leikara með þyrlu auk þess sem björgunaraðilar voru á fullu að reyna ganga frá úti sem inni.
Óþarfa hætta getur skapast á flughlaði þegar verið er að afgreiða vél með þetta mikla traffík af óvönu fólki í umgengni flugvéla.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Dagsetning var ákveðin með góðum fyrirvara.

Frá okkur séð gekk allt smurt fyrir sig.

Flugslysaæfingin Ísafjarðarflugvelli 7okt.2017**- Skýrsla lausnaraðila.**

1. Starfseining	**Skýrsluritari/ar:**
Flugvallar slökkvilið.	Veigar Þór Guðbjörnsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugvallar og bæjarslökkvilið.Björgunarsveitir.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi við slökkvibíl flugvallarins.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það er nú eiginlega ekkert sem ég get sagt varðandi hvað hefði mátt fara betur.
Það er kannski eitt atriði :Við vorum í smá tímaþröng og biðin eftir leikurum var frekar löng 30 mín+.
Við sem vorum í vinnu á vellinum þennan dag vorum frekar ósátt því flugstöðin var á hvolfi og allt of mikið af gerviblóði út um alla flugstöð og í ofanálag kom áætlunarflug ofan í þetta allt saman,það er ekki hægt að bjóða farþegum upp á þetta.
Það voru alltof mikil þrif í flugstöðinni einsog ég sagði það var gerviblóð útum allt, inni á klósettum ,á veggjum og gluggum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Mér sýndist nú framkvæmd og úrlausn æfingarinnar vera mjög góð.
Það eina sem ég vill að verði bætt það er að það sé hægt að byrja nánast á uppsettum tíma tala nú ekki um ef við erum með þröngan tímaramma.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel.</u>

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur æfingarinnar gekk að mér sýndist bara mjög vel.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Það var ekki að sjá annað en að framkvæmdir og úrlausnir hafi gengið vel.

Flugslysaæfingin Ísafjörður 7.okt.2017. - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðgerðarstjórn	HP Rauðakrossi.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla, Ísafjarðarbær, Björgunarsveit, Sjúkrahúsið Ísafirði, Rauðikrossinn, Slökkvilið Ísafjarðarbæjar.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Aðgerðarstjórn í slökkvistöð Ísafirði

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skipuleggja aðstöðu aðgerðarstjórnar betur og auka við tölvubúnað. Koma oftar saman og ræða hlutverkaskiptingu og sækja sér fróðleik um hlutverk og verkþætti aðgerðarstjórnar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Kannski mætti skipuleggja betur fjarskipti á vettvangi, hver talar við hvern og boðleiðir séu skýrar.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Tel nú að mest allt fór vel. Mér fannst fulltrúar Björgunarsveita/Landsbjargar standa sig vel í aðgerðarstjórn og vita sitt hlutverk.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Mætti samt bæta og vera ákveðnara hlutverk Rauðakrossins inni á vettvangi og að fjöldahjálparstöð fengi til sín óslasaða („græna „) ekki bara í þykjustunni
Svo að reyni betur á þjálfun í sálrænum stuðningi til dæmis.

Ráðgjafi á SLY A

Nafn **Aðalbjörn Tryggvason**
Staða í æfingu: **Ráðgjafi sem fylgdi björgunarstjóra + hópstjóri ráðgjafa á SLY.**
Kemur frá **Isavia Akureyri.**

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar.
Uppsetning æfingar gekk vel, samstarf við alla aðila var gott og góð þátttaka hjá öllum.

Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar.
Fundir á fimmtudag og föstudag fyrir æfingu vor í lengri kantinum. Margir aðilar taka til máls en mættu stytta mál sitt til að athygli fundargesta haldist óskert.

Hvað gekk vel á æfingunni.
Ég fylgdi eftir Björgunarstjóra og fannst þetta ganga mjög vel. Samvinna á milli Slökkviliðs og flugvallarþjónustu gekk mjög vel og einnig samskipti á milli
björgunarstjóra og björgunarsveita.
11:20 Ræst voru út neyðarboð.
11:23 Kemur flugvallarþjónustan og byrjar að slökkva elda.
11:28 Eru þeir búnir að slökkva eld 1.
11:29 Fara þeir að hugsa um veika sjúklinga og biða eftir meiri hjálp gott sitja ekki og bíða.
11:36 Slökkvilið kemur og fer strax að vinna á 2 stöðum eld 3 og eldur 2.
11:42 Allir eldar sem skipta máli, slökktir.
11:44 Allir sjúklingar farnir úr röri (ræsisrör notað sem flugvélabúkur).
11:47 Björgunarstjóri segir vettvang tryggðan.
11:53 Flutningur byrjar.
12:30 Sendir Björgunarstjóri fyrsta slökkvibil inn á SSS til að hjálpa til.
12:33 Björgunarstjóri sendir leitar flokka í allar áttir til að leita að gangandi fólki. Er að bíða
12:56 Allir sjúklingar fluttir af vettvangi. eftir þyrlunni

Allir Slökkviliðs menn vöru með eiturefna grímur.
Stóra rörið, þar var einn ráðgjafi Óskar Karlsson (Kef).
Björgun 10 sjúklinga úr skrokknum gekk mjög vel Hún var unnin af fagmennsku af mönnum með reykköfunartæki sem afhentu sjúklingana til björgunarsveitamanna.
Flugvallarslökkviliðið notaði þakbyssuna til þess að slá á eldinn í upphafi og skiptu fljótt yfir í handlínur sem var rétt ákvörðun.
Þetta var einstakt tækifæri fyrir Isavia menn að fá að nota léttvatn á þakbyssuna.
Ég fylgdist með klippuvettvangi-2. Sverðsög var notuð við að opna þakið og gekk það vel.
Glussatækin voru upptekin við klippuvettvang-1.
Björgunarmenn náðu sambandi við sjúklingana með því að gera lítið gat og með eggjárni og töluðu við sjúklingana og fengu upplýsingar um ástand þeirra. Það gekk vel miðað við þau verkfæri sem voru í boð.
Valgarður Guðmundsson RVK, ráðgjafi fylgdist með verkefnum K2 og R1. Klippuverkefnið gekk mjög vel þegar að byrjað var á því. Þeir byrjuðu á að reyna að nota öxi og kúbein til að rjúfa sig í gegn, en ég stoppaði það og benti á að nota klippur eða sög.
En mér fannst þetta ganga vonum framar.
Bjögunin úr ræsinu alveg upp á 10. Hnökralaust

Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni.
Þegar björgunarstjóri kallar út þyrluna kl 12:03 í leit að mönnum þá var hún stoppuð kl. 12:51 án þess að tala við björgunarstjóra.
Svo kl 13:03 fór hún í loftið og fann 2 sjúklinga 1 mín síðar sem hefðu fundist miklu fyrr ef hún hefðu farið strax í loftið.

Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg.
10.

Flugslysaæfing Ísafjörður 7.okt.2017.Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Var með umsjá á eld (tunna og bílar) og einnig bátur.	Davíð Arthur-Isavia

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugvallar/slökkvilið.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Hjá Tunnu, bílum og bát.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Björgun úr bátnum hefði mátt ganga betur. Hefði viljað sjá stærri bát og fleiri aðila koma að því.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Betri samskipti milli Björgunarsveitar og slökkviliðs(bátabjörgunin).

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Að slökkva eldinn gekk flott og gaman að sjá samvinnu flugvallaslökkviliðs og slökkviliðs Ísafjarðar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Ljósm: IJ

Flugslysaæfing (Staður-dagur)- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
K-2.Klippuverkefni (Subaru við hliðina á Rörinu). R-1. litla ræsisrörið.	Valgarður Guðmundsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugvallaþjónusta og Slökkvilið Ísafjarðar, Björgunasveitir seint í ferlinu.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Fylgdist vel með þessum tveimur verkefnum, var á staðnum allan tímann.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það vantar Stjórnanda/Björgunarstjóra fyrir hönd Flugvallarþjónustu. Einhvern sem reynir að vera kominn með einhverja þokkalega yfirsýn á vettvangi áður en Stjórnandi kemur frá Slökkviliði Ísafjarðar. Þessir tveir Stjórnendur gætu svo unnið saman að verkefninu, sá að Stjórnendur komu báðir frá Slökkviliðunu á Ísafirði. Held að betra væri ef annar kæmi frá Ísavía og saman myndu þessir tveir aðilar styðja hvorn annan.

Klippuverkefni K-2: Þegar vettvangsvinna var komin í ferli komu Slökkviliðsmenn frá Slökkviliði Ísafjarðar að verkefninu og fóru strax að reyna að komast í samband við sjúklinga inni í flakinu. Þarna þurftu menn að rjúfa sig í gegnum Þak á bifreið, merkingar á þaki um innkomu(rauður ferningur). Þarna kom strax ákveðin bið sjálfsagt vegna tækjaskorts, menn reyndu að rjúfa gat með öxi en ég stoppaði þann gauragang. þarna hefðu menn átt að prófa að nota Tveggjablaðasög eða Björgunarklippur, enduðu svo á að nota Stingsög sem virkaði vel. Fannst pínu ráðaleysi hvað og hvernig menn áttu að byrja og biðu svo eftir að K-1 kláraðist. En það var nóg af mannskap til að fara af fullum þunga í að byrja að rjúfa þakið. Ef eitt virkar ekki þá strax að prófa annað, veit svo sem ekki hvort að sami mannskapur hefði unnið akkúrat svona við raunverulegar aðstæður, flottir strákar og unnu mjög vel þegar þeir voru komnir í "gírinn".

R-1. Gekk mjög vel svo sem ekki flókið en fljótlega greint og unnið hratt í að koma sjúklingum í öruggt skjól. Fannst þetta verkefni unnið af fagmennsku.

Annað: Ég hefði viljað sjá Skilgreint hlið og Command Borð. Það gefst mjög vel til að sjá hversu mikinn björgunarmannskap við erum með inni á skaðasvæðinu hverju sinni. Eins við tölu á sjúklingum. Vettvangurinn var mjög einfaldur eins og hann var unninn ein leið að og frá vettvangi. Alveg kjörið að setja upp hlið sem væri betra fyrir þá sem stýra vettvangsvinnu og auðveldar utanumhald.

Heilt yfir fannst mér samt æfingin ganga vel fyrir sig og flæðið nokkuð gott. Æfingin hefði samt mátt byrja fyrr vegna þess að flug var áætlað á völlinn skömmu eftir að æfingu lauk, var nánast knappt. Byrjuðum kl. 11:00. Hefðum kannski átt að byrja kl: 10:00. Allt í lagi að skoða það :)

Flugslysaæfing Ísafjörður 7.okt.2017. Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Vettvangsstjórn	Friðgerður Br. Jónsdóttir Almannavarnardeild RLS

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla, Björgunarsveitir, Slökkvilið

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Flugturni þar sem vettvangsstjórn var staðsett

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Lausnaraðilar komu vel undirbúnir til leiks. Skiptu með sér verkum og vissu greinilega hvað þeir voru að gera. Vettvangsstjóri byrjaði á því að aka að slysavettvangi og meta umfangið. Síðan fór hann í flugturn þar sem fyrirfram er ákveðið að vettvangsstjórn eigi að hafa aðsetur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Gekk mjög vel, vanir menn að störfum. Skiptu með sér verkum og unnu ágætlega saman.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur æfingarinnar var með hefðbundnu sniði. Áhersla lögð á fræðslu fyrir AST, VST og vettvangsstjóra og skilaði það sér mjög vel.

Í stað hefðbundinna fyrirlestra þá var haldin skrifborðsæfing fyrir hina hefðbundnu skrifborðsæfingu og skilaði það sér mjög vel.

Í alla staði gekk æfingin mjög vel

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vettvangsstjóri stóð sig mjög vel. Greinilega gert þetta áður, og má segja það einnig um aðra sem voru í vettvangsstjórn

Nafn ráðgjafa **Davíð Arthur Friðriksson.**
Email Address david.fridriksson@isavia.is

Hvern ætlar þú að meta?
Slökkvilið / flugvallarþjónustu.

Slökkviliðsmenn/flugvallarþjónusta

Sýndi færni á monitor	**1**
Staðsetning tækja var í samræmi við vettvang	**1**
Öryggis var gætt við komu á vettvang	**1**
Staðsetning ökutækja var í samræmi við vindátt	**1**
Var sýnilegur	**1**
Var öndunarbúnaður notaður á viðeigandi hátt	**2**
Var hugað að eigið öryggi	**2**
Var hugað að öryggi farþega	**1**
Var gætt að rannsóknarhagsmunum	**3**
Varð handlínum beitt á viðeigandi hátt	**2**
Tóku slökkviliðsmenn/flugvallarþjónusta þátt í björgunarstarfi	**1**
Var slösuðum veitt viðeigandi aðhlynning	**1**

Annað sem fram þarf að koma um störf slökkviliðsmanna/flugvallarþjónustu.
Nei, þetta var mjög fagmannlegt hjá þeim. Eina sem mér fannst að björgun úr bátnum tók langan tíma.

Nafn ráðgjafa **Óskar Karlsson**
Email Address oskar.karlsson@isavia.is

Hvern ætlar þú að meta? **Slökkvilið/flugvallarþjónustu**

Slökkviliðsmenn/flugvallarþjónusta

Sýndi færni á monitor	**5**
Staðsetning tækja var í samræmi við vettvang	**5**
Öryggis var gætt við komu á vettvang	**4**
Staðsetning ökutækja var í samræmi við vindátt	**5**
Var sýnilegur	**5**
Var öndunarbúnaður notaður á viðeigandi hátt	**5**
Var hugað að eigið öryggi	**4**
Var hugað að öryggi farþega	**5**
Varð handlínum beitt á viðeigandi hátt	**5**
Tóku slökkviliðsmenn/flugvallarþjónusta þátt í björgunarstarfi	**4**
Var slösuðum veitt viðeigandi aðhlynning	**5**

Rýni ráðgjafa – AST (aðgerðastjórn).

Nafn ráðgjafa **Guðbrandur Örn Arnarson.**
Aðlili **Slysavarnafélagið Landsbjörg.**
Email Address brandur@landsbjorg.is

Hvern ætlar þú að meta? **AST (aðgerðarstjórn)**

Aðgerðastjórn

Var notast við SÁBF við verkaskiptingu.	**3**
Fengu allir viðeigandi hlutverk.	**3**
Náði AST tímanlega yfirsýn yfir atburðinn.	**4**
Náði AST tímanlega yfirsýn yfir þarfir, aðföng og bjargir.	**4**
Gat AST aflað sér nægjanlegra upplýsinga um ástand og umfang atburðar.	**4**
Gat AST gefið öðrum greinargóða lýsingu á ástandi í sínu umdæmi.	**4**
Lagði AST mat á ástandið með tilliti til hvort frekari aðstoðarværi þörf utan umdæmis.	**2**
Var aðgerðastjóri fljótur að taka stjórn.	**5**
Gaf aðgerðastjóri greinargóð fyrirmæli.	**5**
Náði aðgerðastjóri að hafa yfirsýn.	**4**
Var miðlun upplýsinga með eðlilegum hætti innan AST.	**3**
Voru verkþættir og undirverkþættir mannaðir með tilliti til umfangs aðgerðarinnar.	**4**
Var hugað að aðgerðalotum.	**1**
Var skráð á viðeigandi hátt í Aðgerðagrunn.	**4**
Voru skilmerkileg samskipti við VST.	**4**
Var mönnun AST með viðeigandi hætti, meðal annars með tilliti til verkþátta, símsvörunar, skráningar.	**4**
Var aðbúnaður AST með viðeigandi hætti.	**1**
Var sjúkraflutningur úr umdæmi skipulagður með viðeigandi hætti.	**3**
Var þekking og færni fulltrúa í AST með viðeigandi hætti.	**2**

Annað sem fram þarf að koma um störf AST:

Mikilvægt er að bæta aðstöðu í AST til að aðstaðan styðji við verkefnið en sé ekki til trafala eins og nú er. Skipuleggja þarf rýmið þannig að verkþætti fái aðstöðu ef verkefni skyldi stækka. Huga þarf að því að hafa til staðar fastar tölvur og Tetra og VHF fjarskiptabúnað tiltækan. Mjög mikilvægt er að Aðgerðastjórnendur fái þjálfun í stjórnum aðgerða og að haldnar séu æfingar að lágmarki 4 sinnum á ári.
Æfa þarf fleiri tegundir aðgerða og þá sérstaklega viðbrögð við ofanflóðum og hópslysum.
Áætlana þátturinn á er greinilega veikasti hlekkurinn.

Rýni ráðgjafa – SSS (söfnunarsvæði slasaðra) A

Nafn ráðgjafa **Guðrún Lísbet Níelsdóttir**
Aðlili **Landspítali**
Email Address gudrunln@landspitali.is

Hvern ætlar þú að meta? **Aðhlynningarstjóra**

Aðhlynningarstjóri:

Tók eðlilegan tíma fyrir aðhlynningarstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand í SSS	**3**
Gaf aðhlynningarstjórinn greinargóða lýsingu á ástandinu til HSB,HVE,AST,SST,VST	**4**
Voru nægar bjargir við uppsetningu á SSS	**5**
Gaf aðhlynningarstjóri skýr fyrirmæli varðandi vinnu á SSS	**5**
Var aðbúnaður viðeigandi á SSS	**4**
Var viðeigandi skipulagi komið á í SSS	**4**
Var aðhlynningarstjóri með góða yfirsýn á SSS	**4**
Voru aðstoðarmenn skipaðir eftir þörfum	**5**
Var áverkamat mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	**4**
Var rautt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	**4**
Var gult svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	**4**
Var grænt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	**4**
Var ástand mála metið reglulega	**3**
Voru nauðsynleg aföng/bjargir tryggð tímanlega	**4**
Var SSS eðlilega mannað	**5**
Voru samskipti við starfslið SSS næg og skilvirk	**5**
Var aðhlynningarstjóra kunnugt um skipulag fjarskipta	**4**
Var upplýsingamiðlun frá SSS skilvirk	**4**

Annað sem fram þarf að koma varðandi störf aðhlynningarstjóra:

Gekk mjög vel að setja sig inn í hlutverkið og sigta út hvað skipti máli og hvað ekki.

Hafði góðan skilning á fjarskiptaskipulagi en þyrfti meiri þjálfun á tetrastöðina sjálfa.

Mjög góð mæting heilbrigðisstarfsfólks á æfinguna sjálfa en utan aðhlynningarstjóra var lítil þátttaka í fræðslu og undirbúningi.

Góð aðkoma Rauða Krossins á SSS. Beddarnir þeirra gjörbreyta vinnuaðstöðu í SSS.

Rýni Rauða kross – SSS (söfnunarsvæði svæði slasaðra) B

Nafn ráðgjafa **Valdís Steinarrsdóttir**
Aðlili **Rauði krossinn**
Email Address **addy@redcross.is**
Hvern ætlar þú að meta? **Aðhlynningarstjóra**

Aðhlynningarstjóri

Tók eðlilegan tíma fyrir aðhlynningarstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand í SSS	**5**
Voru nægar bjargir við uppsetningu á SSS	**5**
Gaf aðhlynningarstjóri skýr fyrirmæli varðandi vinnu á SSS	**4**
Var aðbúnaður viðeigandi á SSS	**4**
Var viðeigandi skipulagi komið á í SSS	**5**
Var aðhlynningarstjóri með góða yfirsýn á SSS	**5**
Voru aðstoðarmenn skipaðir eftir þörfum	**5**
Var grænt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	**5**
Var ástand mála metið reglulega	**3**
Var SSS eðlilega mannað	**5**
Voru samskipti við starfslið SSS næg og skilvirk	**5**

Annað sem fram þarf að koma varðandi störf aðhlynningarstjóra

Ráðgjafi var fyrst og fremst að horfa á aðkomu RKÍ á SSS. Sjálfboðaliðar voru úrræðagóðir og brugðust mjög fljótt við því sem kom upp.

Ljósm:BS

Rýni ráðgjafa – SSA (söfnunarsvæði aðstandenda).

Nafn ráðgjafa **Jón Brynjar Birgisson**
Aðlili **Rauði krossinn**
Email Address **jon@redcross.is**

SSA (söfnunarsvæði aðstandenda).

Tók eðlilegan tíma fyrir stjórnanda SSA að ná yfirsýn yfir atburð og ástand mála	**5**
Náði stjórnandi SSA í þær upplýsingar sem hann þurfti til að meta stærð og umfang atburðar	**5**
Var stjórnandi SSA með góða yfirsýn yfir starfssemi SSA	**5**
Var verkstjórn SSA með viðunandi hætti	**4**
Var aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti í SSA	**3**
Var nægur mannskapur í SSA til að sinna þeim verkefnum sem komu upp	**2**
Voru samskipti við AST með viðeiginandi hætti	**5**
Voru samskipti SSA við samstarfsaðila með viðeigandi hætti	**5**
Var fjarskipta notkun í samræmi við það sem ætlast er til	**5**
Var miðlun upplýsinga með eðlilegum hætti inn til SSA	**5**
Var miðlun upplýsinga frá SSA með eðlilegum hætti	**5**
Voru merkingar á SSA með viðeigandi hætti	**3**

Annað sem fram þarf að koma varðandi störf SSA
SSA var að sumu leyti virkjað í mýflugumynd. Aðstandendur voru mjög fáir eins og jafnan er á þessum æfingum.

Ljósm:BS

Rýnifundur haldin í Guðmundarbúð Björgunarfélags Ísafjarðar í beinu framhaldi af flugslysaæfingu.

Úrdráttur:

Æfingastjóri.
Bjarni Sighvatsson æfingastjóri bauð fólk velkomið á fundinn. Bað menn um að ræða æfinguna en ekki fara um víðan völl. Hann sagði sína sýn á æfinguna vera þá að hún hefði gengið mjög vel. Allir hefðu verið á fullu en samt hefðu ekki verið nein háreisti og læti. Yfirsýn mín yfir æfinguna var nú ekki mikil enda margt að gerast á sama tíma á mörgum stöðum. „Nánari lýsingar á gangi mála eiga eftir að koma frá ráðgjöfum okkar sem voru á öllum aðgerðastöðum en mín tilfinning er að æfingin hafi gengið mjög vel fyrir sig og verið ykkur til sóma“ sagði Bjarni að lokum.

Aðgerðastjóri.
Bryndís Ósk Jónsdóttir, fulltrúi lögreglustjóra og aðgerðastjóri. Aðgerðastjórn samanstóð af fólki með nokkra reynslu og fólki með litla reynslu og við notuðum daginn í gær til þess að slípa okkur saman sem leiddi til þess að við áttum mun auðveldara að eiga við mál sem stóðu í okkur á skrifborðsæfingunni í gær en sú æfing gerði okkur mikið gagn. Auðvitað komu upp nokkrir hnökrar sem kenna má æfingaskorti um og hvetur okkur til þess að æfa meira og einnig tæknileg vandamál sem væntanlega verður farið í að leysa. Engi stórvægileg vandamál komu upp. Smá ruglingur í talningu sem skýrðist en í heildina er ég ánægð með starf aðgerðastjórnar og tel að við höfum leyst okkar verkefni ágætlega og þakka fyrir hönd hópsins fyrir æfinguna.

Vettvangsstjóri.
Hlynur Steinn Þorvaldsson, lögreglumaður og vettvangsstjóri. Í heildina gekk starf vettvangsstjórnar nokkuð vel. Nokkrir hnökrar komu í ljós sem voru bæði tæknilegs- og æfingarlegs eðlis og við munum ganga í að bæta. Við fengum þær upplýsingar sem við sóttumst eftir, stundum eftir nokkra bið og við vorum sambandslausir við þyrluna sem skrifast á okkur en heilt á litið vorum við sátt.

Björgunarstjóri.
Hermann G. Hermannsson varaslökkviliðsstjóri og björgunarstjóri. Heilt yfir fannst mér þetta takast ágætlega. Þetta rann smurt. Það eru alltaf einhverjir má hnökrar eins og kraðak í fjarskiptum til að byrja með. Ég ætla ekki að fara út í smáatriði , læt það bíða skýrslunnar en heilt yfir var þetta gott og takk fyrir okkur.

Gæslustjóri.
Guðmundur Heiðar Svanbergsson lögreglumaður og gæslustjóri. Taldi að starf þeirra hefði gengið vel. Nokkur ruglingur kom upp í talningu sem kenna mátti meðal annars nokkru flakki á leikunum á söfnunarsvæði og að ef til vill væri rétt að koma upp söfnunarsvæði leikara. Var í heildina ánægður.

Flutningastjóri.
Auður Yngvadóttir björgunarsveitarkona og flutningastjóri. Var í heildina ánægð. Vantaði yfirsýn í upphafi en svo komst festa á hlutina og ég tel að þetta hafi gangið ágætlega.

Flugvallarstarfsmenn Isavia.
Arnór Magnússon flugvallarstjóri og umdæmisstjóri Isavia. Mér fannst æfingin frábær og ekki síst að skaparinn gaf okkur þetta frábæra veður á æfingunni. Vill þakka öllum þeim sem komu að æfingunni og þá sérstaklega björgunarsveitarfólki sem vinnur óeigingjarnt sjálfboðastarf. Ætlar að láta smáatriði bíða rafrænnar skýrslugerðar en vill endurtaka þakkir til allra og fyrir frábæra æfingu.

Aðhlynningarstjóri.
Helena Hrund Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur og aðhlynningarstjóri. Mér fannst þetta ganga vel í dag. Ég var með aðstoðarmann sem er nauðsynlegt að hafa og meðal annars sá um fjarskipti. Mér fannst okkur alltaf vanta fólk og þá varð bara að spila úr því sem við höfðum en heilt yfir fannst mér þetta ganga vel og takk fyrir daginn.

Rauði krossinn Ísafirði.
Hrefna R. Magnúsdóttir formaður Rauðakrossins á Ísafirði. Við vorum á tveimur stöðum. Annarsvegar á söfnunarsvæði á flugvelli og svo á söfnunarsvæði aðstandenda og fjöldahjálparstöð í húsnæði okkar í Suðurgötu. Við vorum í fyrsta skipti að koma með nýju neyðarvarnarkerruna okkar og settum upp bedda í söfnunarsvæði slasaðra og reyndist það mjög vel. Við vorum beðin um að flytja aðstandendur af flugvelli og einnig græna af SSS. Fólk á okkar vegum sem stóð í þessum flutningum var ekki merkt þegar það kom inn í flugstöðina og út því þarf að bæta. Við erum mjög sátt við starf okkar fólks en það fór í flest hlutverk á æfingunni og við þurfum að vera tilbúin að takast á við fjölbreyttar þarfir. Við færðum græna til á græna svæðinu þannig að þeir yrðu ekki í sjónlínu við rauða og gula.

Almannavarnardeild-Rögnvaldur Ólafsson.

Mig langar til þess að mynnast á að við höldum flugslysaæfingar á fjögurra ára fresti. Þær æfingar gagnast einnig flestri þeirri vá sem upp kanna að koma. Á ferðum mínum um landið hef ég orðið var við það að þar sem flugvellir eru er viðbragðalið að jafnaði skör hærra í viðbragðsgetu og má klárlega þakka það reglulegum flugslysaæfingum.

Landsbjörg-Guðbrandur Örn Arnarsson.

Sagði Isavia og Landsbjörg ætla að afhenta björgunaraðilum á staðnum björgunarkerru eftir rýnifundinn og bauð alla viðstadda velkomna að vera viðstaddir og skoða.

Isavia-Óskar Karlsson.

Sagði frá því að hann væri einn af hinum svokölluðu ráðgjöfum sem unnið hefðu að uppsetningu vettvangs. Vettvangurinn hefði verið flókinn en hann vildi hrósa mönnum fyrir að hafa unnið hann mjög vel. Óskar vildi hrósa viðbragðsaðilum á slysstaðnum fyrir öguð og góð vinnubrögð og ekki síst mjög góða samvinnu við lausn mála. Þakkaði einnig fyrir ánægjuleg samskipti við heimamenn almennt og þeir hefðu allsstaðar verið vel tekið þar sem þeir leituðu að efni eða öðru sem varðaði æfinguna.

Æfingastjóri-Bjarni Sighvatsson.

Lagði fram blöð með netaðgangi að rafrænni rýni og bað fólk um að taka með sér eintak þegar það yfirgæfi salinn. Hvatti hann alla til þess að tjá sig um æfinguna, vera gagnorðir og stuttorðir en koma með ábendingar um atriði sem vel höfðu farið og einnig það sem miður hafði gengið og einnig væru ábendingar eða hugmyndir vel þegnar. Að æfa sig er gagnlegt og nauðsynlegt og jafn nauðsynlegt er að læra af því sem vel fór og það sem miður fór því hvorutveggja er til þess að læra af. Því væri gott að halda því til haga. Bjarni vildi fyrir hönd ráðgjafa þakka heimamönnum öllum fyrir góða samvinnu og ánægjulega viðkynningu.
Að lokum bað Bjarni fulltrúa lögreglustjóra að slíta æfingunni.

Fulltrúi lögreglustjóra-Bryndís Ósk Jónsdóttir.
Hvatti alla til þess að fylla út rýnipappíranna því það skipti miklu máli að reynslunni væri haldið til haga. Hún þakkaði þátttakendum fyrir framlag þeirra á æfingunni og sagði æfingunni lokið.

Ljósm: BS

Mat leikara á æfingunni

Q1 Hvernig fannst þér undirbúningur fyrir æfinguna?

Answered: 13 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Mjög góður	76.92%	10
Góður	23.08%	3
Sæmilegur	0.00%	0
Lélegur	0.00%	0
Mjög lélegur	0.00%	0
TOTAL		13

Q2 Hvernig fannst þér æfingin ganga?

Answered: 13 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Mjög vel	38.46%	5
Vel	46.15%	6
Sæmilega	7.69%	1
Illa	7.69%	1
Mjög illa	0.00%	0
TOTAL		13

Q3 Hvernig fannst þér tímalengd æfingarinnar?

Answered: 13 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Of langur	7.69%	1
Heppilegur	84.62%	11
Of stuttur	7.69%	1
TOTAL		13

Q4 Fundust allir áverkar?

Answered: 13 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	76.92%	10
Nei	23.08%	3
TOTAL		13

Q5 Hvernig fannst þér meðferðin á þér af hálfu björgunaraðila?

Answered: 12 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Góð	66.67%	8
Eðlileg	33.33%	4
Óeðlileg	0.00%	0
TOTAL		12

Q6 Hvernig fannst þér fylgst með líðan þinni á:

Answered: 12 Skipped: 1



	MJÖG VEL	VEL	NÆGILEGA	ILLA	(NO LABEL)	TOTAL	WEIGHTED AVERAGE
Slysstað	50.00% 6	33.33% 4	16.67% 2	0.00% 0	0.00% 0	12	1.67
Söfnunarsvæði slasaðra	16.67% 2	75.00% 9	8.33% 1	0.00% 0	0.00% 0	12	1.92
í flutningi	50.00% 6	16.67% 2	16.67% 2	16.67% 2	0.00% 0	12	2.00
Á endastöð	33.33% 4	25.00% 3	33.33% 4	8.33% 1	0.00% 0	12	2.17

Samantekt nokkrum ábendingum úr skýrslum og rýnifundi

Rýnipunktar	Tillaga að úrbótum	Eigandi	Mikil-vægi
Það þar að vera hægt að loka sjónrænt á milli greiningar- og græna svæðis því grænir gátu fylgst með slösuðum úr stuttri fjarlægð.	Tvær-þrjár skrúfur og þá mætti á örstuttum tíma hengja upp efni sem hindrar sýn milli svæða	Isavia á Ísafirði	Grænt
Skortur á þekkingu/reynslu á stjórnun með SÁBF kerfinu.	Afla þjálfunar fyrir stjórnendur. Afar æskilegt væri að á vef Almannavarnadeildar væri kennslumundband um notkun á SÁBF.	Flestir eða allir stjórnendur og stjórnunareiningar. Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra.	Gult
Æskilegt að verkþættir haldi rýnifundi eftir æfingu og dragi saman lærdóm	Ekkert hindrar að slíkir fundir séu haldnir. Geta farið fram eftir sameiginlegan rýnifund eða degi/dögum seinna.	AST-VST-RKÍ-Slökkvilið-Isavia og aðrir.	Grænt
Skipuleggja betur aðstöðu og þjálfun aðgerðastjórnar	Hittast tvisvar á ári og fara yfir hlutina og greina vanda	Lögreglan	Grænt
Björgunarstjóra barst ekki vesti merkt honum	Heimamenn þurfa sameiginlega að ákveða geymslu og dreifingu vesta	Stjórnendur viðbragðseininga á staðnum	Grænt
Stjórnenda vesti eru úrelt og illa merkt	Almannavarnardeild standi fyrir gerð nýrra vesta á landsvísu	Almannavarnar-deild	Grænt
Merkingar svæða-MÓT-BT-BH voru ekki settar upp.	Starfsmenn Isavia á Ísafj.flugvelli fari öðru hvoru yfir þessa hluti með öðru starfsfólki á vellinum	Umdæmisstjóri	Grænt
Auka þarf notkun á heyrnartólum í eyra við notkun Talstöðva	Slíkur búnaður verði staðalbúnaður með hverri stöð enda kostar hann lítið	Allir notendur fjarskiptatækja	Gult
Sniðugt hefði verið að hafa hlið að SLY og að stjórnandi notaði „command“ borð til þess að halda utan um fjölda á svæðinu.	Slökkviliðið velti hugmyndinni fyrir sér og noti hugmyndina ef hún þykir góð.	Slökkvilið Ísafjarðar.	Grænt
Bæta þarf búnað Aðgerðastjórnar og skipuleggja aðstöðu betur.	Aðgerðastjórn setjist niður og haldi fund um reynslu sína og í framhaldi að því leiti útbóta.	Allir viðbragðsaðilar í AST undir stjórn og frumkvæði lögreglustjóra.	Gult
Bæta þarf skipulag RK fólks sem starfar á vettvangi atburða og einkennismerkingar Rauða Kross fólks á vettvangi.	RK fólk ræði málið í sínum hópi og kannski á landsvísu og komist að niðurstöðu um breytingar	Rauði krossinn	Grænt